



FUNDARGERÐ

PENINGASTEFNUNEFND



2024

NÓVEMBER
125. fundur
Birt 4. desember 2024

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Nóvember 2024 (125. fundur)

Birt: 4. desember 2024

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd og að opinberlega skuli birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Á grundvelli þessa birtir peningastefnunefnd fundargerðir tveimur vikum eftir að ákvarðanir hennar eru kynntar. Í fundargerðunum koma m.a. fram upplýsingar um hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu við ákvarðanir nefndarinnar.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 18.-19. nóvember 2024, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 20. nóvember.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 2. október.

Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í október hafði gengi krónunnar hækkað um 2,5% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Seðlabankinn átti engin viðskipti með gjaldeyri á tímabilinu.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans jókst frá fundi nefndarinnar í október. Raunvextir bankans voru 4,4% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs eða 0,2 prósentum hærrí en rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í október. Miðað við ársverðbólgu hækkuðu þeir um 0,3 prósentur á sama tímabili og voru 3,7%.

Vextir á ótryggðum innlánnum í viðskiptum til einnar nætur (IKON) lækkuðu í takt við vaxtalækkun bankans í október. Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu einnig en vextir til lengri tíma en sjö daga lækkuðu umfram lækkun meginvaxta í október. Velta á millibankamarkaði nam 1 ma.kr. frá síðasta fundi nefndarinnar. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði lítillega frá fundinum í október á meðan krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hækkaði lítillega á sama tíma. Vextir verðtryggðra íbúðalána hækkuðu milli funda en vextir á óverðtryggðum íbúðalánnum lækkuðu.

Skammtíma vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti minnkaði um 0,4 prósentur gagnvart evrusvæðinu milli funda og nam 5,9 prósentum og um 0,6 prósentur gagnvart Bandaríkjunum og var 4,1 prósentu. Langtíma vaxtamunur minnkaði einnig milli funda eða um 0,4 prósentur gagnvart Þýskalandi og nam 4,3 prósentum og um 0,8 prósentur gagnvart Bandaríkjunum og nam 2,2 prósentum. Skuldtryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,4% og var nánast óbreytt milli funda. Vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum minnkaði lítillega og var 0,6-0,7 prósentur.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun bankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var í byrjun nóvember væntu markaðsaðilar þess að meginvextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur til viðbótar á núverandi ársfjórðungi. Þá gerðu þeir ráð fyrir að vextir bankans yrðu lækkaðir áfram á næsta ári og að meginvextir yrðu 5,75% eftir tvö ár. Þetta eru lægri vextir en þeir bjuggust við í síðustu könnun bankans í ágúst. Töluverð breyting varð á afstöðu svarenda til taumhalds peningastefunnar milli kannana. Hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið of þétt var 87% og jókst það úr 52% í ágústkönnuninni. Um 13% svarenda töldu taumhaldið hæfilegt samanborið við 40% í ágúst en enginn svaraði því að taumhaldið væri of laust.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi lækka vexti um annaðhvort 0,25 eða 0,5 prósentur. Vísuðu þær til þess að verðbólga hefði hjaðnað áfram og raunvextir væru háir, spenna á húsnæðismarkaði hefði minnkað og eftirspurn í þjódarbúskapnum færi einnig minnkandi. Aftur á móti væri óvissa um aðhald ríkisfjármála á komandi misserum og um áhrif kjaradeilna á opinberum vinnumarkaði auk þess sem verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn nokkuð yfir markmiði.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 10% í september. Innlán heimila skýra áfram að miklu leyti aukninguna en vöxtur innlána atvinnufyrirtækja hefur gefið eftir frá fyrri hluta ársins. Ársvöxtur útlána lána-kerfisins var rúm 8% í september og hefur aukist á árinu. Útlán til heimila jukust áfram um 6% milli ára líkt og undanfarin misseri en ársvöxtur útlána til fyrirtækja var um 12% í september. Ársvöxturinn hefur aukist það sem af er ári en hrein ný útlán til fyrirtækja hafa þó farið minnkandi í sumar.

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar, OMXI15, hækkaði um 10,5% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 826 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er um þriðjungi meiri velta en á sama tímabili árið á undan.

Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í október sl., er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum minnki úr 3,3% í fyrra í 3,2% í ár. Það er jafn mikill vöxtur og í bæði apríl- og júlispá sjóðsins. Ennfremur er talið að heimshagvöxtur haldist óbreyttur á næsta ári í 3,2%. Að mati sjóðsins hafa hagvaxtarhorfur í Bandaríkjunum þó batnað í ár og á næsta ári en versnað á móti í Japan og á evrusvæðinu, aðallega í ljósi verri horfa í Þýskalandi. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að verðbólga í heiminum verði 5,8% að meðaltali í ár og 4,3% á næsta ári eða heldur minni en í síðustu spá sjóðsins. Þar vega betri horfur í þróuðum ríkjum þyngst en talið er að verðbólga í þeim minnki úr 2,6% að meðaltali í ár og í 2% á því næsta. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er enn þeirrar skoðunar að alþjóðaviðskipti með vörur og þjónustu taki við sér í ár og enn frekar á því næsta eftir lítinn vöxt í fyrra. Áfram er þó búist við að vöxtur alþjóðaviðskipta verði undir meðalvexti undanfarinna áratuga í takt við minni heimshagvöxt og vaxandi verndarstefnu ríkja. Sjóðurinn gerir jafnframt ráð fyrir því að vöxtur inn- og útflutnings þróaðra ríkja verði heldur minni en í síðustu spá sjóðsins.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands mældist halli á vöruskiptajöfnuði 229 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 219 ma.kr. halla á sama tíma í fyrra á föstu gengi. Útflutningsverðmæti vöru dróst saman um 0,4% á milli ára en án skipa og flugvéla mældist 1% samdráttur. Þar vegur þungt minna verðmæti áls vegna áhrifa raforkuskerðingar til stórnotenda á framleiðslu álfyrirtækja en einnig minna verðmæti sjávarafurða vegna loðnubrests. Á móti vegur meira verðmæti fiskeldis og lyfja og lækningatækja. Á sama tíma jókst innflutningsverðmæti vöru um 0,8% á milli ára en þar vegast á aukið verðmæti hrá- og rekstrarvöru, fjárfestingar- og neysluvöru en minna verðmæti flutningatækja og eldsneytis.

Heimsmarkaðsverð á áli breyttist tiltölulega lítið frá októberfundi nefndarinnar og var ríflega 2.600 Bandaríkjadalir á tonnið á nóvemberfundinum. Það er um fimmtungi hærra verð en það var í nóvember í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að útflutningsverð íslenskra sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi verið um 1,4% lægra á fyrstu níu mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu var ríflega 73 Bandaríkjadalir á tunnu á nóvemberfundi nefndarinnar eða svipað og það var á síðasta fundi. Það er þó um 11% lægra verð en í nóvember í fyrra. Annað hrávöruverð hækkaði hins vegar lítillega milli funda, einkum verð á málmum og áburði.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 2% milli mánaða í október og var þá 12% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og 2,9% hærra en í desember 2019. Raugengi á þennan mælikvarða hækkaði um 2,8% milli ára á fyrstu tíu mánuðum ársins og má rekja hækkunina til þess að verðbólga hér á landi var 3,6 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands en á móti vó 0,6% lækkun á nafngengi krónu.

Innlendur þjódarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt staðgreiðsluskrá Skattsins fjölgaði launafólki um 1,8% milli ára en sé litið til þriggja mánaða tímabils hefur störfum fækkað lítillega frá því í júní sl. og var þriggja mánaða fækkun þeirra 0,5% á ársgrunni í september. Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands (VMK) litast hins vegar áfram af nokkrum vanda tengdum versnandi svarhlutfalli og vanda við mat á nýlegri mannfjöldaþróun sem virðist leiða til töluverðs ofmats á störfum og heildarvinnustundum.

Árstíðarleiðrétt skráð atvinnuleysi mældist 3,6% í október og stóð í stað milli mánaða. Það hefur því aukist um 0,4 prósentur frá því í maí 2023 þegar það mældist minnst eftir farsóttina eða sem nemur fjölgun um 1.700 manns á atvinnuleysisskrá. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt VMK var áþekkt á fjórðungnum.

Íbúum landsins fjölgaði um 1,7% milli ára á þriðja ársfjórðungi. Hægt hefur á íbúafjölgun frá því um mitt síðasta ár samhliða því að færri erlendir ríkisborgarar flytjast til landsins og fleiri flytjast af landi brott. Að hluta til skýrist þróunin af því að dregið hefur úr komu flóttafólks til landsins.

Launavísitalan hækkaði um 0,9% milli fjórðunga á þriðja fjórðungi ársins og um 6,3% milli ára. Raunlaun voru 0,4% hærra í fjórðungnum en á sama tíma árið 2023.

Horfur fyrir þróun einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi eru heilt yfir lítið breyttar en greiðslukortavelta jókst um 4,4% milli ára vegna aukinnar kortaveltu erlendis. Þá drógust bifreiðakaup heimila saman milli ára en samdrátturinn var minni en fjórðungana tvo á undan. Væntingavísitala Gallup hélt jafnframt áfram að lækka á þriðja fjórðungi ársins og þótt hún hafi hækkað aftur í október mældist hún enn undir 100 stigum. Því er talið að einkaneysla hafi aukist um 1,5% milli ára á þriðja fjórðungi. Nýleg endurskoðun á ráðstöfunartekjum heimilanna bendir aftur á móti til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist töluvert meira á síðustu tveimur árum og það sem af er ári en áður hafði verið áætlað og mælist sparnaðarstig heimila því nokkra hærra. Útlit er því fyrir að vöxtur einkaneyslu verði meiri á fjórða ársfjórðungi og á næsta ári en áður var talið.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið lækkaði um 0,3% milli mánaða í október að teknu tilliti til árstíðarsveiflu en hækkaði um 10% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á landinu öllu sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun reiknar út, lækkaði um 0,3% milli mánaða og hækkaði um 9,5% milli ára í september. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 8,5% milli ára en á landsbyggðinni hækkaði hún um 12,8%. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgaði um 59,2% milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar um 66,6% á sama tímabili. Aukna veltu má að stórum hluta rekja til uppkaupa fasteignafélagsins Þórkötl, flutninga Grindvíkinga og fjölgunar fyrstu kaupenda. Meðalsölutími íbúða á landinu öllu lengdist nokkuð milli mánaða í september og mældist 3,9 mánuðir en íbúðum til sölu hefur fjölgað nokkuð á síðustu fimm mánuðum, einkum nýbyggingum, en hlutdeild þeirra hefur ekki verið hærra frá upphafi mælinga eða rúm 36% í september.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,28% milli mánaða í október og hjaðnaði ársverðbólga úr 5,4% í 5,1% og hefur ekki verið minni síðan í desember 2021. Verðbólga án húsnæðis mældist 2,8% líkt og í september. Undirliggjandi verðbólga var 4,7% miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða og hefur einnig minnkað.

Hækkun matvælavæðs og flugfargjalda til útlanda hafði mest áhrif á vísitölu neysliverðs í október. Matvöruverð hækkaði um 1% á milli mánaða og hefur hækkað um 4,2% sl. tólf mánuði. Dregið hefur úr verðhækkunum á innlendri vöru og þjónustu og innfluttri verðbólgu. Verð á innlendri vöru var 3,6% hærra í október en á sama tíma í fyrra og hefur árshækkunin hjaðnað jafnt og þétt frá byrjun árs. Verð á almennri þjónustu hefur hækkað um 4,4% sl. tólf mánuði og jókst árstakturinn frá því í september.

Samkvæmt könnun bankans á væntingum markaðsaðila hafa verðbólguvæntingar þeirra til eins og tveggja ára lækkað frá fyrri könnun og námu um 3,5%. Væntingar þeirra um verðbólgu til lengri tíma lækkuðu einnig milli kannana. Þeir gera ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,3% á næstu fimm árum og 3% á næstu tíu árum. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til skamms tíma hefur sveiflast undanfarið vegna óvissu um meðhöndlun Hagstofunnar á fyrirhuguðum breytingum á gjaldtöku vegna bifreiðanotkunar. Verðbólguálagið til tveggja ára nam tæplega 3% um miðjan nóvember og stóð í stað frá októberfundi nefndarinnar. Tíu ára álagið hefur lækkað lítillega og var 3,6% um miðjan nóvember og fimm ára álagið eftir fimm ár lækkaði einnig á milli funda og nam 4,1% um miðjan nóvember.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 20. nóvember hafa verðbólguhorfur út næsta ár batnað nokkuð vegna hagstæðari upphafsstöðu þar sem verðbólga á þriðja fjórðungi þessa árs var heldur minni en spáð var í ágúst. Spáð er að verðbólga verði 4,8% á fjórða ársfjórðungi sem er 1 prósentu minna en búist var við í ágúst og að hún minnki áfram og verði 4,1% á fyrsta fjórðungi næsta árs. Við bætast áhrif heldur hærra gengis krónunnar en á móti vegur meiri spenna í þjóðarbúinu. Verðbólguhorfur á seinni hluta spátímans eru því svipaðar og í ágúst. Spáð er að verðbólga fari niður fyrir 3% á fyrri hluta árs 2026 og verði komin í markmið um mitt það ár.

Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum hefur þróast í takt við það sem gert var ráð fyrir í ágústspá *Peningamála* og hagvaxtarhorfur hafa því lítið breyst. Talið er að hagvöxtur aukist smám saman úr 1,4% í ár í 1,7% árið 2026. Sem fyrr vegur kröftugur hagvöxtur í Bandaríkjunum þungt en hagvaxtarhorfur á evrusvæðinu eru áfram tiltölulega daprar. Alþjóðleg verðbólga hefur haldið áfram að minnka. Hún var 2,2% að meðaltali á þriðja fjórðungi þessa árs en líkt og í ágúst er gert ráð fyrir að hún verði komin niður í 2% seint á næsta ári.

Landsframleiðsla hér á landi jókst á ný milli fjórðunga á öðrum fjórðungi þessa árs en vegna mikils samdráttar á fyrsta fjórðungi sem rekja má til neikvæðra áhrifa birgðabreytinga vegna loðnubrests var landsframleiðsla enn 1,9% minni á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra. Það er mikill viðsnúningur í hagvexti sem var 5% í fyrra og um 9% árið áður. Talið er að landsframleiðslan standi í stað milli ára í ár en í ágúst var spáð 0,5% hagvexti. Lakari horfur litast fyrst og fremst af því að samdrátturinn á fyrri hluta ársins reyndist meiri en áður var spáð. Líkt og í ágúst er gert ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný á næsta ári og verði um 2% og um 2½% að meðaltali á seinni hluta spátímans. Eins og í ágúst er hagvöxtur á spátímanum að meginhluta drifinn áfram af innlendri eftirspurn, sérstaklega vexti einkaneyslu.

Samkvæmt staðgreiðslugögnum hefur störfum fækkað og atvinnuleysi heldur áfram að þökast upp. Spennan í þjóðarbúinu minnkar því áfram þótt endurskoðun Hagstofunnar á hagvaxtartölum síðasta árs geri það að verkum að meiri framleiðsluspenna mælist nú en áður var talið. Talið er að spennan snúist í slaka undir lok næsta árs sem er aðeins seinna en áður var spáð.

Hætta á harðri lendingu bandaríks efnahagslífs hefur minnkað en áfram er töluverð óvissa um alþjóðlegar efnahagshorfur. Þar vega þungt áhyggjur af langvinnum stríðsátökum í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs sem hafa stigmagnast. Alþjóðlegt hrávöruverð gæti því hækkað meira en nú er spáð og innfluttur verðbólguþrýstingur hér á landi reynst meiri. Þá gætu áhrif hærra hrávöruverðs og nýlegra launahækkana hér verið vanmetin í spá bankans í ljósi þess að kjölfesta verðbólguvæntinga hefur laskast. Framvinda innlendra efnahagssumsvifa mun einnig lita verðbólguhorfur. Verðbólga gæti t.d. reynst þrálátari en nú er spáð ef heimilin ganga hraðar á þann sparnað sem byggst hefur upp undanfarið ár. Verðbólga gæti hins vegar hjaðnað hraðar t.d. ef umsvif í ferðþjónustu gefa meira eftir en nú er spáð.

II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Á fundi nefndarinnar í nóvember var rætt um taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þróunar raunvaxta frá októberfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi

verðbólguhorfa en nefndin ákvað á fundi sínum í október að lækka vexti um 0,25 prósentur. Á þeim fundi hafði verðbólga hjaðnað og áfram virtist hægja á efnahagssumsvifum í takt við aukið peningalegt taumhald.

Nefndarmenn ræddu að verðbólga hefði hjaðnað undanfarið og mældist 5,1% í október. Hjöðnun verðbólgu væri á breiðum grunni og undirliggjandi verðbólga hefði einnig minnkað. Þá horfði nefndin til þess að verðbólguvæntingar hefðu almennt lækkað og raunvextir því hækkað.

Nefndin fjallaði um að áhrifa þétts peningalegs taumhalds gætti áfram í efnahagssumsvifum og hægt hefði á vexti innlendar eftirspurnar. Þá ræddu nefndarmenn að atvinnuleysi héldi áfram að þokast upp og horfur væru á að það drægi úr spennu í þjóðarbúskapnum þótt það gerðist hægjar en áður var talið.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að lækka ætti vexti bankans og ræddu um hvort ætti að lækka þá um 0,25 eða 0,5 prósentur. Nefndin var sammála um að áfram hefði hægt á efnahagssumsvifum og margir þættir hefðu þokast í rétta átt. Dregið hefði úr umfangi verðhækkana og bæði innlend og innflutt verðbólga minnkað. Fram kom að horfur væru á að verðbólga myndi hjaðna hraðar en áður var talið og verðbólguhorfur því batnað. Ef fram héldi sem horfði væri líklegt að skammtímaverðbólguvæntingar lækkuðu enn frekar. Áfram hefði dregið úr spennu bæði á vinnumarkaði og húsnæðismarkaðnum en íbúðaverð hafði lækkað frá síðasta fundi nefndarinnar og meðalsölutími lengst. Nefndin taldi að svo virtist sem áhrif vegna flutninga Grindvíkinga væru að mestu komin fram og húsnæðismarkaðurinn væri því að komast í betra jafnvægi.

Nefndin ræddi einnig að þótt hægt hefði á vexti innlendar eftirspurnar væri þróunin afar hæg og ýmsar vísbendingar væru um að enn væri þróttur í þjóðarbúskapnum. Nefndarmenn töldu að ekki væri útilokað að efnahagssumsvif væru vanmetin í ljósi nýlegra endurskoðana Hagstofunnar á sögulegum hagtölum. Nokkrar líkur væru m.a. á að þjónustuútlutningur væri vanmetinn og að hagvöxtur hefði því verið meiri á fyrri hluta ársins en bráðabirgðatölur gæfu vísbendingu um. Endurskoðaðar tölur um ráðstöfunartekjur heimila bentu einnig til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefði aukist meira á síðustu árum en áður var áætlað og sparnaður heimila væri því meiri. Vöxtur einkaneyslu gæti því orðið meiri en spáð var og launahækkningar væru enn að styðja við eftirspurn. Fram kom að enn virtist töluverð spenna í byggingageiranum þótt vísbendingar væru um að áraun á framleiðsluþætti hefði minnkað í öðrum atvinnugreinum. Einnig var bent á að ef stór skref til lækkunar vaxta yrðu tekin of snemma gæti það skaðað trúverðugleika peningastefnunnar, einkum ef það leiddi til þess að undirliggjandi kraftur í þjóðarbúskapnum myndi aukast á ný, verðbólga aukast og verðbólguvæntingar hækka. Nefndin ræddi einnig að óvissa væri um kjarasamninga hjá hluta opinberra starfsmanna og að framundan væru kosningar.

Nefndin var sammála um að taumhald peningastefnunnar hefði aukist undanfarið. Einnig kom fram að hækkan verðtryggðra vaxta á húsnæðislánum viðskiptabankanna og hert lánaskilyrði myndu væntanlega áfram draga úr umsvifum á húsnæðismarkaði auk þess sem greiðslubyrði af lánum færi vaxandi hjá þeim hluta heimila sem stæði frammi fyrir endurskoðun vaxtaskilmála. Fram kom að næsti reglulegi fundur nefndarinnar yrði ekki fyrr en á nýju ári og taldi nefndin að svigrúm væri til að taka stærra skref til lækkunar vaxta og viðhalda um leið hæfilegu aðhaldsstigi til þess að styðja við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og draga úr framleiðsluspennu á komandi misserum. Útlit væri þó fyrir að taumhald peningastefnunnar þyrfti áfram að vera þétt.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 8,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 8,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 9,25% og daglánavextir 10,25%. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

Peningastefnufundur ákvað einnig að samræma birtingu vaxta í vaxtatöflu Seðlabankans þannig að allir vextir í vaxtatöflunni verði framvegis birtir sem nafnvextir. Breytingin tók gildi 20. nóvember 2024 og hefur eingöngu áhrif á vexti á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.

Nefndin taldi að þrálát verðbólga og verðbólguvæntingar yfir markmiði kölluðu á varkárni. Áfram þyrfti því að viðhalda hæfilegu aðhaldsstigi til þess að koma verðbólgu í markmið innan ásættanlegs tíma. Mótun peningastefnunnar næstu misseri myndi sem fyrr ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Herdís Steingrímsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður

Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu nokkrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnuneftardarinnar verður birt miðvikudaginn 5. febrúar 2025.